

Föstudaginn 28. júní 1963.

Nr. 155/1962. **Skipaútgærð ríkisins** (Ingólfur Jónsson hrl.)
 gegn

Ólafi Þorgrímssyni (sjálfur).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson,
 Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús
 Þ. Torfason.

Ágreiningur um málflutningsþóknun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1962. Krefst hann þess *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 103.918.64, *til vara* kr. 79.590.49, ásamt 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst *aðallega* sýknu af kröfum áfrýjanda, *til vara*, að dómkröfur áfrýjanda verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann og málskostnaðar í Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með dómi Hæstaréttar 30. október 1959 var ómerktur fyrri héraðsdómur og málsmeðferð í ágreiningsmáli aðilja máls þessa um sama sakarefni og hér er til úrlausnar, og byggðist ómerkingardómurinn á margs háttar vanreifun af hálfu áfrýjanda um kröfugerð á hendur stefnda.

Í máli því, sem áfrýjandi hefur höfðað af nýju og hér er til úrlausnar, er að visu að nokkru um bætt í þessum efnum, en þó er enn, eins og getið er í héraðsdómi, ýmsu áfátt um æskilega málsreifun af áfrýjanda hálfu. Ekki þykir þó alveg næg ástæða til ómerkingar dóms og málsmeðferðar af nýju af þessum sökum.

I.

Dómkröfur áfrýjanda samkvæmt I. og II. kafla héraðsdóms.

A. Eftir því sem helzt má ráða af greinargerð áfrýjanda í héraði og málflutningi af hans hálfu hér fyrir dómi,

eru dómkröfur hans á hendur stefnda samkvæmt I. og II. kafla héraðsdóms á því reistar, að stefndi hafi eigi staðið honum skil á innheimtu fé, er samsvarar ofreiknuðum málflutningslaunum í fimm tilteknum málum samkvæmt úrskurðum stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur hér fyrir dómi eins og í héraði m. a. byggt sýknukröfu sína á því, að allar hugsanlegar kröfur áfrýjanda á hendur sér vegna nefndra skipta aðiljanna séu niður fallnar annað hvort fyrir fyrningu eða vegna tómlætis af hendi áfrýjanda.

Að því er varðar fyrningu, skal þetta tekið fram:

Stefndi var ráðinn málflutningsmaður áfrýjanda tímabilið 17. apríl 1942 til 17. apríl 1947, og áttu málsaðiljar af þessu tilefni allmikil og, að því er telja verður, samfelld viðskipti. Starfi stefnda samkvæmt samningnum í þágu áfrýjanda lauk þó eigi fyrr en með úrslitum svonefnds Rolf Jarls-máls í Hæstarétti 19. marz 1948, og endanlegur reikningur stefnda fyrir þessi störf hans er dagsettur 17. október 1950. Upphafleg stefna til héraðsdóms er birt stefnda 13. apríl 1955. Þess er hins vegar að geta, að áður hafði áfrýjandi lagt fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands til úrlausnar ákvörðun um málflutningslaun stefnda í áðurnefndum fimm málum, en þau eru þessi:

1. Svonefnt Persier-mál, sbr. héraðsdóm I, 1. Dómur Hæstaréttar gekk 3. marz 1943. Stefndi sendi áfrýjanda reikning vegna málflutningsins 27. september 1944. Áfrýjandi lagði ágreininginn um fjárhæð málflutningslaunanna hinn 6. september 1945 fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands, sem felldi úrskurð í málinu 18. desember s. á.

2. Svonefnt Wirta-mál, sbr. héraðsdóm I, 2. Dómur Hæstaréttar gekk 22. apríl 1942. Stefndi sendi áfrýjanda málskostnaðarreikning 25. september 1944. Áfrýjandi lagði ágreininginn hinn 2. desember 1946 fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands, sem felldi úrskurð í málinu 20. ágúst 1947.

3. Svonefnd Þingeyjarmál, sbr. héraðsdóm, I, 3. Dómur Hæstaréttar gekk 4. júní 1947. Stefndi sendi áfrýjanda málskostnaðarreikning 1. ágúst s. á. Hinn 22. desember 1950

lagði áfrýjandi ágreininginn fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands, sem felldi úrskurð í málunum 25. og 26. nóvember 1951.

4. Svonefnt Sæfinnsmál, sbr. héraðsdóm I, 4. Dómur Hæstaréttar gekk 18. desember 1943. Stefndi sendi áfrýjanda málskostnaðarreikning 4. apríl 1946. Hinn 14. júní 1951 lagði áfrýjandi ágreininginn fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands, sem felldi úrskurð í málinu 13. júlí 1952.

5. Svonefnt Rolf Jarls-mál, sbr. héraðsdóm I, 5. Dómur Hæstaréttar gekk 19. marz 1948. Stefndi sendi áfrýjanda endanlegan málskostnaðarreikning 17. október 1950. Hinn 14. júní 1951 lagði áfrýjandi ágreininginn fyrir stjórn Lögmannafélag Íslands, sem felldi úrskurð í málinu 13. júní 1952.

Úrskurðir stjórnar Lögmannafélagsins um endurgjald fyrir málflutningsstörf, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942, og sætt geta kærur til Hæstaréttar samkvæmt 4. mgr. sömu greinar, verða að teljast dómsathafnir. Með því að leggja framangreind ágreiningsmál fyrir stjórn Lögmannafélagsins telst áfrýjandi hafa slitið fyrningu, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 11. gr. laga nr. 14/1905. Jafnvel þótt talið yrði, að kröfur áfrýjanda fyrndust eftir ákvæðum fyrningarlaga, eru þær því samkvæmt framansögðu eigi niður fallnar fyrir fyrningu.

Þegar lítið er til þess, sem að framan er rakið um tíma-mörk, afstöðu stefnda sem málflutningsmanns í þágu áfrýjanda um árabil samkvæmt sérstökum samningi svo og þeirra mótmælabréfa áfrýjanda, er fyrir liggja frá nefndu tímabili, þykja heldur ekki næg efni til að telja kröfur áfrýjanda á hendur stefnda niður fallnar vegna tómlætis.

B. 1. Stefndi neytti eigi heimildar 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 til að kæra til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands í ágreiningsmálum aðilja. Þrátt fyrir þetta telst stefndi geta í áfrýjunarmáli þessu haft uppi þær varnarástæður, sem að geta komizt samkvæmt dóm-skapareglum.

2. Hér fyrir dómi hefur stefndi fyrst og fremst reist sýknukröfu sína á því, að samkvæmt samningi hans og

ráðherra þess, sem hlut átti að máli, hafi hann verið ráðinn til að vera „málfærslumaður Skipaútgerðarinnar og lögfræðilegur ráðunautur“ um fimm ára tímabil frá 17. apríl 1942 að telja, án þess að áskilið væri, að honum bæri lægri þóknun fyrir máflutningsstörf í hverju dómsmáli en lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands kvæði á um. Skirskotar stefndi í þessu efni til bréfs ráðuneytisins til áfrýjanda 17. apríl 1942 svo og vottorðs þáverandi ráðherra, sem ekki hefur verið hnekkkt, en þar segir, að stefndi hafi verið ráðinn máflutningsmaður áfrýjanda „með þeim kjörum“, að hann tæki „fyrir máflutning eftir taxta máflutningsmannafélagsins, en reiknaði sér hins vegar ekki sérstaka þóknun fyrir viðtöl eða almenn lögfræðileg leiðbeiningarsörf, er Skipaútgerð ríkisins leitaði til hans um“. Telur stefndi, að til þessa sérsamnings hafi ekki verið nægilega litið við úrlausn ágreiningsmála aðilja hjá stjórn Lögmannafélags Íslands.

Það verður að vísu ekki fyllilega ráðið af úrskurðum þeim, sem um er að tefla, hvort stefndi hafi haft uppi nefnda málsástæðu fyrir stjórn Lögmannafélagsins. Ekki er heldur nægjanlega ljóst, hversu þessu hefur verið háttað fyrir héraðsdómi. Víst er hins vegar, að hér fyrir dómi hefur því eigi verið andmælt, að málsástæða þessi komist að. Verður hún því tekin hér til úrlausnar ásamt öðrum þeim málsástæðum, sem ótvírætt hafa verið uppi hafðar.

3. Við úrlausn á því, hvort stefndi teljist eiga rétt til þeirra máflutningslauna, er hann hefur krafizt, verður samkvæmt gögnum málsins við það að miða, að hann um framangreint samningstímabil hafi mátt reikna sér laun samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélagsins á hverjum tíma, þ.e.a.s. nema aðiljar teljist sérstaklega hafa á annað fallizt.

a. Lokareikningur stefnda til áfrýjanda, dags. 17. október 1950, hefst með svohljóðandi færslu:

„Pr: Saldó yðar skv. reikningi 25/1 1949 69.369.32.“

Á hinum tilvitnaða reikningi frá áfrýjanda til stefnda 25. janúar 1949 eru m. a. þessar færslur:

„An: Samkv. uppgjöri v/Wirta 78.072.42.

Pro: Málfærslulaun í Persiermálinu 50.250.55.“

Með færslu fyrra liðsins, þrátt fyrir áðurgreindan úrskurð stjórnar Lögmannafélagsins um þetta efni 20. ágúst 1947, telst áfrýjandi hafa samþykkt kröfu stefnda um málflutningslaun vegna téðs máls, og ber því að sýkna stefnda af þessum lið dómkrafna áfrýjanda.

Að því er snertir síðari liðinn, verður á hinn bóginn að telja, að stefndi hafi með framangreindri færslu á reikningi sínum 17. október 1950 fallizt á nefnda færslu áfrýjanda vegna Persier-málsins, en ljóst er, að þar er miðað við þá 15000 króna lækkun á málflutningslaunum til stefnda, sem stjórn Lögmannafélagsins ákvað með úrskurði sínum 18. desember 1945. Ber því að taka til greina kröfu áfrýjanda af þessu efni, þ. e. kr. 15.000.00.

b. Kröfur áfrýjanda vegna svonefndra Þingeyjar-Sæfinns- og Rolf Jarls-mála, sem stefndi getur eigi talizt hafa á fallizt, verða þá teknar til úrlausnar samkvæmt þeim sjónarmiðum, sem getið er í upphafi þessa kafla.

Ekki þykir næg ástæða til að lækka laun stefnda vegna starfa hans í tveim fyrrtöldu málunum, og ber því að sýkna hann af kröfum áfrýjanda af því efni. Eftir atvikum þykir hins vegar bera að lækka laun stefnda í svonefndu Rolf Jarls-máli um kr. 20.000.00, og ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð.

II.

Dómkröfur áfrýjanda samkvæmt III. kafla héraðsdóms.

Samkvæmt bréfum áfrýjanda til stefnda 1. og 30. nóvember 1946 og síðar má að visu ætla, að áfrýjandi hafi þá haft ástæðu til að telja, að stefndi hefði tekið að sér innheimtu nefndrar kröfu. Hins vegar er ósannað gegn mótmælum stefnda í þessu efni, að þetta hafi orðið fyrr. Þar sem krafa áfrýjanda vegna aðstoðar við v/s Sæfinn var þá fyrnd, sbr. 4. tl. 251. gr. laga nr. 56/1914, verður skaðabótakrafa áfrýjanda á hendur stefnda af þessu tilefni eigi tekin til greina.

III.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, á stefndi að greiða áfrýjanda kr. 15.000.00 + kr. 20.000.00, þ. e. samtals kr. 35.000.00, að frádregnum kr. 14.819.57, sbr. stefnu til héraðsdóms 19. apríl 1960 og héraðsdómsskjal nr. 24 í máli þessu. Mismuninn, kr. 20.180.43, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Víta ber ófullnægjandi flutning máls þessa, þ. á m. óvand-
aða ágripsgerð.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Þorgrímsson, greiði áfrýjanda, Skipa-
úrgerðar ríkisins, kr. 20.180.43 með 6% ársvöxtum frá
13. apríl 1955 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur
niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

S é r a t k v æ ð i

prófessors Ármanns Snævars og prófessors Magnúsar
Þ. Torfasonar.

Um kröfur aðilja og málavexti vísast til atkvæðis meiri
hluta dómenda.

I. Dómkröfur áfrýjanda samkvæmt I. og II. kafla héraðsdóms.

Af málflutningi áfrýjanda verður það helzt ráðið, að
kröfur hans séu á því reistar, að stefndi hafi eigi gert næg
skil á því fé, er hann vegna lögmannsstarfa sinna innheimti
fyrir áfrýjanda. Þær kröfur fynast á 4 árum samkvæmt
1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Fyrningarfrestur á kröfum
þessum hófst eigi síðar en 19. marz 1948, er störfum stefnda
fyrir áfrýjanda lauk. Stefndi færði á yfirlitsreikningi, dags.

17. október 1950, skuld við áfrýjanda, að fjárhæð kr. 69.-369.32 samkvæmt yfirlitsreikningi hins síðarnefnda, dags. 25. jan. 1949, enda þótt hann teldi sig eiga gagnkröfur á áfrýjanda, er námu hærri fjárhæð. Með þessu viðurkenndi stefndi nægilega framangreinda skuld við áfrýjanda og sleit þannig fyrningu. Áfrýjandi heimti ekki kröfur sínar með lögsókn, fyrr en með dómstefnu, birtri 13. apríl 1955. Voru þá kröfur þær, sem hann kann að hafa átt á stefnda, allar fyrndar, enda sleit það eigi fyrningu þeirra, þótt áfrýjandi legði málflutningslaunakröfur stefnda undir úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands með þeim hætti, sem rakið er í atkvæði meiri hluta dómenda, þegar af þeirri ástæðu, að þeim aðgerðum verður eigi jafnað til lögsóknar samkvæmt 11. og 13. gr. laga nr. 14/1905. Ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í þessum þætti málsins.

II. Dómkröfur áfrýjanda samkvæmt III. kafla héraðsdóms.

Við erum sammála meiri hluta dómenda um úrlausn þessa þáttar málsins.

III. Við erum enn fremur sammála vítum þeim, er greinir í atkvæði meiri hluta dómenda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð okkar verður á þessa leið:

Stefndi, Ólafur Þorgrímsson, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Skipaútgerðar ríkisins, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 24. október 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., hefur Guðjón Teitsson forstjóri fyrir hönd Skipaútgerðar ríkisins höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 19. apríl 1960, gegn Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni, hér í borg, til greiðslu á kr. 103.940.63 með 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins. Til vara er krafizt greiðslu á kr. 79.612.48 með 6% ársvöxtum frá 13. apríl 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð aðalkröfu og varakröfu um kr. 21.99, en hélt fast við stefnukröfurnar að öðru leyti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara stórlegrar lækkunar á dómkröfunum. Í báðum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefndi hafði um nokkurt skeið lögfræðistörf með höndum fyrir stefnanda. Var stefndi ráðinn af ráðherra málfærslumaður og lögfræðilegur ráðunautur stefnanda frá 17. apríl 1942 um næstu 5 ár, en mun áður hafa tekið að sér einhver lögfræðistörf fyrir stefnanda, m. a. flutning svonefnds „Persier-máls“, sem síðar verður vikið að. Starfsemi stefnda sem lögmanns stefnanda mun hafa lokið með flutningi svonefnds „Rolf Jarls-máls“ fyrir Hæstarétti í marz 1948. Ráðningarbref stefnda hefur eigi verið lagt fram í málinu, en samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til stefnanda, dagsett 17. apríl 1942, hefur það verið svohljóðandi:

„Þar sem Búnaðarbanki Íslands telur sér um megn að annast allan málflutning og lögfræðistörf fyrir Skipaútgerð ríkisins jafnhliða sínum eigin lögfræðistörfum, en nauðsyn þykir hins vegar bera til, að útgerðin hafi fastráðinn málfærslumann til þess að gæta réttar síns við málflutning og samningagerðir og veita yfirleitt alla lögfræðilega aðstoð og upplýsingar, þá eruð þér hér með, herra hæstaréttarmála færslumaður, í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, ráðinn málfærslumaður Skipaútgerðarinnar og lögfræðilegur ráðunautur um næstu fimm ár frá deginum í dag að telja.

Til þess er ætlað, að þér látið afgreiðslu allra mála Skipaútgerðar ríkisins ganga fyrir öðrum málum, eftir því sem við verður komið og að Skipaútgerðin eigi ávallt aðgang að skrifstofu yðar með allar nauðsynlegar upplýsingar og aðstoð“. Í málinu hefur eigi annað komið fram um ráðningarkjör stefnda en bréf samgöngumálaráðherra, dags. 9. maí 1952, en þar segir, að stefndi hafi verið „ráðinn málfærslumaður Skipaútgerðar ríkisins með þeim kjörum, að hann taki fyrir málflutning eftir taxta málflutningsmannafélagsins, en reiknaði sér hins vegar ekki sérstaka þóknun fyrir viðtöl eða almenn lögfræðileg leiðbeiningarstörf, er Skipaútgerð ríkisins leitaði til hans um.“

Stefndi mun hafa haft þann hátt á að ákveða sjálfur málfærslulaun sér til handa fyrir flutning hinna einstöku mála og

taka greiðslu á málfærslulaununum undir sjálfum sér af fé, er hann hafði innheimt fyrir stefnanda. Síðar sendi hann svo stefnanda skilagreinar um viðskiptin.

Stefnandi telur, að stefndi hafi reiknað sér og tekið of há málfærslulaun í nokkrum tilteknum málum og eftir að honum höfðu borizt skilagreinar frá stefnda, mótmælti hann sem of háum málflutninglaunum þeim, sem stefndi hafði reiknað sér í málum þessum, en stefndi taldi málfærslulaunin hins vegar ekki of hátt reiknuð. Síðar lagði stefnandi ágreiningsefni þessi undir úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 61/1942, og með úrskurðum stjórnarinnar voru málfærslulaun stefnda ákveðin lægri en hann hafði reiknað sér. Er meginhluti stefnukröfunnar endurheimta úr hendi stefnda á meintum ofteknum málfærslulaunum. Auk þess telur stefnandi, að stefndi hafi með vangæzlu látið ónýtast fyrir fyrningu kröfu vegna v/b Sæfinns, er honum var falin til innheimtu. Telur stefnandi stefnda bera ábyrgð á kröfu þessari. Loks reiknar stefnandi sér vexti af meintu innstæðufé sínu hjá stefnda.

Með stefnu, birtri fyrir stefnda 13. apríl 1955, höfðaði stefnandi mál gegn stefnda. Var málið þingfest 16. apríl 1955 og rekið sem sjó- og verzlunardómsmál nr. 26/1955. Stefnukröfur í máli þessu voru, eins og í máli því, sem hér liggur fyrir til úrlausnar, aðallega endurheimta vegna meintra oftekinna málfærslulauna svo og krafa vegna meintrar vangæzlu stefnda í sambandi við kröfu vegna v/b Sæfinns og loks vaxtakrafa. Dómur gekk í málinu í héraði 8. marz 1957. Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1957. Dómur féll í Hæstarétti 30. október 1959 á þá lund, að ógilt var málsmeðferð og dómur í héraði og málinu í heild vísað frá héraðsdómi, með þeim röksemdum, að málið hefði af hálfu stefnanda verið tekið upp í héraði með þeim hætti, sem mjög bryti í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um skýran og greiðan málflutning. Var í dómi Hæstaréttar bent á þau atriði í málalíbúnaði og rekstri málsins, sem áfátt þótti.

Stefnandi hefur nú tekið málið upp af nýju gegn stefnda. Hefur stefnandi að mestu bætt um það, er áfátt þótti samkvæmt áðurnefndum dómi Hæstaréttar. Þó ber að athuga eftirfarandi: Stefnandi hefur lagt fram í málinu „endurskoðaðan reikning“ um viðskipti sín við stefnda, dskj. nr. 5. Hefur löggiltur endurskoðandi vottað, að viðskiptareikningur þessi sé í samræmi við viðskiptareikning stefnda í bókum Skipaúngerðar ríkisins, sem

nái yfir árin 1941—1952, að öðru leyti en því, að vextir þeir, sem tilfærðir eru á viðskiptareikningnum, hafi ekki verið færðir á viðskiptareikninginn í bókum stefnanda. Ljóst verður að telja, að viðskiptareikningur þessi sé ekki tekinn upp eftir bókhaldi, sem fært hafi verið um leið og viðskiptin hafa gerzt. Auk þess er viðskiptareikningur þessi ekki í samræmi við reikninga, sem stefnandi hefur áður lagt fram. Gefur viðskiptareikningur þessi því ófullnægjandi upplýsingar um þau atriði í skiptum aðilja, sem dóminum er ætlað að veita úrlausn um. Úr þessu hefur ekki verið bætt, þrátt fyrir ábendingu í dómi Hæstaréttar frá 30. okt. 1959. Dómurinn lítur svo á, að eigi sé samt ástæða til að vísa málinu ex officio frá dómi af þessum sökum.

Í samræmi við yfirlit, sem stefnandi hefur lagt fram á dskj 24, má sundurliða kröfur hans þannig:

I. Oftekin málfærslulaun samkvæmt úrskurðum stjórnar Lögmannafélags Íslands:

1. Í Persier-máli	kr. 15.000.00
2. - Wirta-máli	— 4.369.73
3. - Þingeyjarmálum	— 3.301.00
4. - Sæfinns-máli	— 11.151.25
5. - Rolf Jarls-máli	— 45.341.23

Samtals kr. 79.163.21

II. Vaxtakrafa

— 15.252.00

III. Skaðabætur vegna fyrningar á kröfu vegna

v/s Sæfinns ásamt vöxtum

— 24.323.00

Eru samtals kr. 118.738.21

Til frádráttar telur stefnandi vegna tilfærslu á reikningi kr. 14.819.57, og kemur þá fram upphæð sú, sem krafizt er, kr. 103.918.64.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi þeim rökum, að hann hafi verið ráðinn til málflutningsstarfsins af ráðherra, en ekki af stefnanda. Falli því allar ákvarðanir og samningar um ráðningarsamning sinn undir ráðuneytið og sé stefnandi því ekki réttur aðili að málinu.

Fram er komið í málinu, að stefndi var ráðinn til starfsins af ráðherra. Hins vegar átti stefndi bein skipti við stefnanda út af málflutningsstörfunum og gerði stefnanda skil á innheimtufé að frádregnum málfærslulaunum og kostnaði. Er stefnandi því

réttur aðili að málinu og verður því umrædd sýknuástæða ekki tekin til greina.

Verða nú einstakir liðir stefnukröfunnar teknir til athugunar.

Um I almennt. Stefndi hefur mótmælt því, að úrskurðir stjórnar Lögmannafélags Íslands í málum þeim, sem undir þessum lið eru talin, séu bindandi fyrir hann, þar sem niðurstöður úrskurðanna hefðu átt að byggjast á atriðum, sem nefnd stjórn mátti ekki dæma um.

Í málinu hafa verið lagðir fram úrskurðir stjórnar Lögmannafélags Íslands í öllum greindum málum. Verður ekki séð, að stjórnin hafi farið út fyrir valdsvið sitt í úrskurðum sínum og beri því að leggja þá til grundvallar um það, hver séu hæfileg málflutningslaun til stefnda í hverju einstöku máli, ef talið yrði, að stefnandi ætti rétt til endurheimtu úr hendi stefnda á ofteknum málflutningslaunum, enda hefur stefndi ekki neytt heimildar í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 til að kæra úrskurðina til Hæstaréttar.

Þá styður stefndi kröfu sína um sýknu af kröfuliðunum 1—5 þeim rökum, að endurkröfuréttur samkvæmt liðum þessum, ef um hann hefði verið að ræða, sé annaðhvort fallinn niður beint fyrir fyrningu eða þá vegna aðgerðaleysis.

Stefnandi hefur mótmælt þessum sýknuástæðum stefnda. Bendir hann í því sambandi á, að ekki sé um venjulega endurkröfu að ræða, þar sem stefndi hafi með einhliða gerningi ákveðið sér málfærslulaun og tekið greiðslur undir sjálfum sér án samþykkis Skipaútgeðarinnar og einnig notað innheimt fé frá öðrum málum til þess að greiða sér launin. Þessu hafi stefnandi mótmælt strax og hann hefði haft færi á og síðan skotið ágreiningnum til stjórnar Lögmannafélags Íslands, og væru úrskurðir hennar bindandi sem undirréttardómar, þar sem þeim hefði eigi verið áfrýjað. Eftir að úrskurðir stjórnar Lögmannafélags Íslands hefðu fallið, hefðu síðan verið gerðar ítrekaðar tilraunir til sætta í málinu utan réttar og því ekki verið gripið til málsóknar fyrr en raun ber vitni.

Um 1.

Í marzmánuði 1941 fól stefnandi stefnda að innheimta laun fyrir það, að varðskipið Ægir hafði bjargað e/s Persier, sem strandað hafði á Köt lutöngum á Mýrdalssandi hinn 28. febrúar sama árs. Með stefnu, útgefinni 26. júní 1941, höfðaði stefndi f. h. stefnanda mál fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur gegn Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og váttryggjenda e/s Persier,

skips og farms. Krafðist hann greiðslu á kr. 1.937.755,00 auk vaxta og málskostnaðar. Með dómi sjó- og verzlunardómsins 10. marz 1942 var stefnda, Trolle & Rothe h/f vegna eigenda og vátrygggjenda e/s Persier, gert að greiða stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 1.000.000.00 með 5% ársvöxtum frá 26. júní til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað. Máli þessu var skotið til Hæstaréttar, og stefnandi, Skipaútgerð ríkisins, gagn-áfrýjaði, en krafðist nú aðeins kr. 1.288.750.00, þar sem aðiljar höfðu orðið ásáttir um, að björgunarlaun vegna bifreiða, er bjargað hafði verið úr e/s Persier, skyldu ekki ákveðin í því máli, heldur á annan hátt. Málinu lyktaði með dómi Hæstaréttar 3. marz 1943, er skyldaði aðaláfrýjanda til að greiða Skipaútgerð ríkisins kr. 500.000.00 með 5% ársvöxtum frá 26. júní 1941 til greiðsludags og kr. 17.000.00 í málskostnað fyrir báðum réttum.

Hinn 27. september 1944 virðist stefnandi hafa veitt viðtöku reikningi frá stefnda fyrir flutning málsins fyrir báðum dómum, að fjárhæð kr. 65.000.00. Af því tilefni ritaði stefnandi stefnda bréf, dags. 7. okt. s. á., og mæltist þar til, að stefndi lækkaði reikning sinn niður í kr. 25.000.00.

Stefndi sendi mál þetta til stjórnar Lögmannafélags Íslands 23. október 1944, og var það borið undir stefnanda, en þar sem stefnandi beiddist álits félagsstjórnarinnar í bréfi, dags. 27. desember sama árs, þótti henni rétt að senda málið til gjaldskrárnefndar félagsins. Lét nefnd sú í té álit sitt 10. júlí 1945 og taldi hún reikning stefnda ekki ósanngjarnan. Áliti þessu vildi stefnandi ekki una og bar ágreininginn undir stjórn félagsins með bréfi 6. september 1945. Með úrskurði, uppkveðnum 18. desember 1945, ákvað stjórnin hæfilega þóknun til stefnda fyrir flutning Persier-málsins kr. 50.000.00. Einn stjórnarmanna greiddi sér- atkvæði um þóknunina og taldi hana hæfilega kr. 64.749.45.

Hinn 16. apríl 1946 ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem hann tjáði stefnda, að dómsmálaráðuneytið sætti sig við úrskurðinn í Persier-málinu og kvaðst vænta þess að fá þegar reikningsskil frá stefnda vegna málsins.

Fjárhæðin, sem stefnandi endurkrefur samkvæmt þessum lið, er mismunurinn á hinni úrskurðuðu málflutningsþóknun til stefnda og þóknun þeirri, er stefndi hafði reiknað sér, eða kr. 15.000.00.

Eigi verður séð, að stefnandi hafi haft uppi neinar raunhæfar aðgerðir til endurheimtunnar frá því að hann ritaði stefnda

bréfið frá 16. apríl 1946 og þar til hann höfðaði fyrrgreint mál gegn stefnda með stefnu birtri 13. apríl 1955 eða í tæp 9 ár. Verður því að telja, að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti, að hann hafi fyrir aðgerðarleysi firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hafi þegar fengið vegna umrædds máls. Verður kröfuliður þessi því ekki tekinn til greina.

Um 2.

Hinn 24. janúar 1941 strandaði e/s Wirta í Skerjafirði við Reykjavík. Var ýmsum varningi bjargað úr skipinu og tóku m. a. þátt í þessari starfsemi nokkur skip á vegum stefnanda. Stefnda var falið að taka að sér flutning væntanlegs máls út af björgunarlaununum og höfðaði hann mál með stefnu, útgefinni 12. marz 1941 til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 257.784.60 auk vaxta og málskostnaðar. Var Skipaútgerðinni dæmd í héraði ein heildarupphæð, kr. 130.000.00, auk 5% ársvaxta frá 12. marz 1941 til greiðsludags og kr. 4.500.00 í málskostnað. Af hálfu eigenda og vátryggjenda e/s Wirta var dóm-inum skotið til Hæstaréttar, sem ómerkti dóm undirréttar og vísaði málinu heim í hérað til löglegrar dómsálagningar að nýju. Dómur gekk í héraði hinn 30. janúar 1942 með sömu niðurstöðu og í fyrra skiptið. Dómi þessum var einnig áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu eigenda og vátryggjenda e/s Wirta með stefnu 2. marz 1942, og var honum gagnáfrýjað með stefnu 12. marz 1942. Gerði Skipaútgerðin í Hæstarétti sömu kröfur og í héraði. Dómur gekk í málinu í Hæstarétti 22. apríl 1942, og voru Skipaútgerð ríkisins dæmd björgunarlaun í einu lagi fyrir 6 tiltekin skip kr. 115.000.00, auk vaxta og kr. 6.500.00 í málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Eftir að stefndi hafði fengið dóm þennan, innheimti hann hina tildæmdu fjárhæð og fékk löggiltan endurskoðanda til að skipta björgunarlaununum í uppgjóri sínu reiknaði stefndi sér kr. 19.369.73 samtals í útlögð gjöld og þóknun fyrir málflutninginn. Samkvæmt endurriti af bréfum frá stefnanda til stefnda, dags. 9. febrúar og 27. júní 1944, krefur stefnandi stefnda um reikningsskil vegna björgunarlauna fyrir farminn úr Wirta. Eftir endurriti af bréfi til stefnda, dags. 9. okt. 1944, viðurkennir stefnandi að hafa móttekið bréf frá stefnda, dags. 25. september 1944, ásamt reikningi yfir björgunarlaunin. Þá viðurkennir stefnandi í bréfi þessu, að áður hafi hann fengið ódagsett uppgjör á björgunarlaununum og málskostnaði, þar sem málskostnaðurinn sé talinn kr. 19.369.73. Í bréfinu telur stefnandi, að stefndi hafi reiknað sér

svo há málflutningslaun, að ekki verði við unað og kveðst vænta svars stefnda varðandi lækkun á þeim.

Eigi verður séð, að stefndi hafi svarað tilmælum stefnanda í bréfinu frá 9. október 1944 um lækkun málfærslulaunanna, og með bréfi, dags. 2. desember 1946, til stjórnar Lögmannafélags Íslands óskaði stefnandi úrskurðar félagsstjórnarinnar um ágreininginn. Að undangengnum munnlegum málflutingi aðilja, tók félagið ágreininginn til úrskurðar 24. júlí 1954 og með úrskurði, uppkveðnum 20. ágúst s. á., ákvað hún þóknun stefnda fyrir störf hans í Wirta-málinu kr. 15.000.00.

Fjárhæðin, sem stefnandi endurkrefur samkvæmt þessum lið, er mismunurinn á hinni úrskurðuðu málflutningsþóknun til stefnda og þóknun þeirri, er stefndi hafði reiknað sér, eða kr. 4.369.73.

Eigi verður séð, að stefnandi hafi haft uppi neinar raunhæfar aðgerðir til að innheimta þennan mismun frá því úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands var kveðinn upp og þar til stefnandi höfðaði áðurgreint mál gegn stefnda með stefnu, birtri 13. apríl 1955. Hefur stefnandi þannig, eftir því sem fram hefur komið, látið líða rúmlega 2 ár frá því hann kvartaði við stefnda yfir fjárhæð málfærslulaunanna og þar til hann leitaði úrskurðar stjórnar Lögmannafélagsins og síðan rúmlega 7½ ár frá uppkvaðningu úrskurðarins og þar til stefna var birt í fyrrgreindu máli. Verður að telja, að stefnandi hafi með þessari háttsemi sýnt slíkt tómlæti, að hann hafi með aðgerðarleysi firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hefur þegar fengið vegna umrædds máls. Kröfuliður þessi verður því ekki tekinn til greina.

Um 3.

Hinn 24. apríl 1945 varð árekstur í Reykjavíkurhöfn milli skips stefnanda, m/s Esju, og v/b Þingeyjar. Við áreksturinn urðu svo miklar skemmdir á vélbátnum, að hann var talinn óbætandi. Greiddu því váttryggjendur bátsins eigendum hans váttryggingarfjárhæðina, sem nam, að frádregnum 10% í eigin áhættu, kr. 87.300.00. Samkvæmt mati dómkvaddra manna var verðmæti bátsins fyrir áreksturinn talið hafa verið kr. 156.800.00.

Út af atviki þessu voru höfðuð tvö dómsmál á hendur stefnanda, annað af váttryggjendum Þingeyjar og hitt af eigendum hennar. Flutti stefndi bæði þessi mál. Nam stefnukrafan í máli váttryggjenda kr. 71.375.00, auk vaxta og málskostnaðar. Í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem féll 22. júní 1946, var

m/s Esja talin bera $\frac{3}{4}$ hluta sakar á árekstrinum og stefnandi dæmdur til að greiða $\frac{3}{4}$ hluta dómkröfunnar, auk vaxta og kr. 3.000.00 í málskostnað. Máli þessu var áfrýjað, en áfrýjunin síðar felld niður. Í máli eigenda v/b Þingeyjar nam stefnukraftan kr. 79.500.00. Með dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, er gekk 16. maí 1946, var stefnandi einnig dæmdur til að greiða $\frac{3}{4}$ hluta stefnukröfunnar. Þessu máli var áfrýjað og taldi Hæstiréttur m/s Esju eiga að bera $\frac{3}{8}$ sakar af árekstrinum og dæmdi stefnanda til að greiða $\frac{3}{8}$ hluta dómkröfunnar eða kr. 47.700.00, auk vaxta og kr. 3.500.00 í málskostnað fyrir báðum dómum. Að fenginni þessari niðurstöðu Hæstaréttar varð samkomulag um það milli váttryggjenda Þingeyjar og stefnanda að leggja sakarskiptingu Hæstaréttar til grundvallar í máli þessara aðilja, og eftir því bar stefnanda að greiða váttryggjendum $\frac{3}{8}$ hluta kröfu þeirra, auk vaxta og málskostnaðar, eins og ákveðið var í héraðsdómi.

Stefnandi reiknaði sér kr. 5000.00 í málflutningslaun fyrir flutning máls váttryggjenda á hendur stefnanda og kr. 10.000.00 fyrir flutning hins málsins eða samtals kr. 15.000.00. Sendi stefndi stefnanda reikning fyrir flutning máls eigendanna hinn 1. ágúst 1947 og á reikningi til stefnanda, dags. 17. okt. 1950, kemur fram málflutningskostnaður stefnda í báðum málunum. Ekki verður séð, að stefnandi hafi gert sérstakar athugasemdir út af málskostnaðarreikningi stefnda frá 1. ágúst 1947, fyrr en hann með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 22. desember 1950, kvartar yfir því, að þóknun sú, sem stefnandi hafi áskilið sér fyrir flutning umræddra mála, sé of há og óskar úrskurðar stjórnarinnar um ágreininginn. Með úrskurðum, uppkveðnum 25. nóvember 1951, ákvað stjórnin þóknun stefnda fyrir flutning máls váttryggjenda Þingeyjar kr. 3.500.00 og fyrir flutning máls eigenda hennar kr. 8.500.00 eða samtals kr. 12.000.00.

Telur stefnandi, að stefndi hafi ofreiknað sér kr. 3.301.00 fyrir flutning umræddra mála, sem er fjárhæð endurkröfu stefnanda á hendur stefnda samkvæmt lið þessum.

Svo sem áður kemur fram, lét stefnandi 3 ár og rúma fjóra mánuði líða, án þess að séð verði, að hann hafi gert athugasemdir við reikning stefnda fyrir flutning máls eigenda Þingeyjar. Þá verður heldur ekki séð, að stefnandi hafi haft uppi neinar raunhæfar aðgerðir til heimtu hinnar ofteknu málflutn-

ingsþóknunar úr hendi stefnda frá því úrskurðir stjórnar Lögmannafélagsins gengu og þar til hann höfðaði áðurgreint mál á hendur stefnda með stefnu birtri 13. apríl 1955 eða í rúmlega 3 ár og 4 mánuði.

Verður því að telja, að stefnandi hafi með tómlæti firrt sig rétti til frekari greiðslu úr hendi stefnda en hann hefur þegar fengið vegna umræddra mála. Krafa stefnanda undir þessum lið verður því ekki tekin til greina.

Um 4.

Hinn 29. apríl 1943 brotnaði skrófuöxull í v/b Sæfinni, þar sem það var statt 223 sjómíllur í suðaustur frá Vestmannaeyjum. Kom varðskipið Ægir á vettvang og dró síðan Sæfinn til Vestmannaeyja og þangað var komið 2. maí s. á.

Taldi stefnandi, að hjálp sú, er Ægir veitti Sæfinni í umrætt skipti, væri björgun í skilningi siglingalaganna og var höfðað mál fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur á hendur eiganda Sæfinns til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 155.000.00, auk vaxta og málskostnaðar. Eigandi Sæfinns krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi og stefnandi dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað. Munnlegur málflutningur fór fram um frávisunarkröfuna og var henni hrundið með úrskurði sjó- og verzlunardómsins. Úrskurð þennan kærði eigandi Sæfinns til Hæstaréttar og var kærumálið einnig flutt munnlega þar. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 18. desember 1943, var úrskurði sjó- og verzlunardómsins hrundið og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá var stefnandi dæmdur til að greiða eiganda Sæfinns kr. 600.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Stefndi flutti mál þetta af hálfu stefnanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti og reiknaði sér kr. 13.550.00 í þóknun fyrir málflutninginn. Sendi hann stefnanda málskostnaðarreikning 5. apríl 1946. Með bréfi, dags. 17. október s. á., mótmælti stefnandi málskostnaðarreikningnum sem allt of háum. Þau mótmæli tók stefndi ekki til greina og á reikningi til stefnanda, dags. 17. okt. 1950, tilfærir stefndi málskostnaðinn óbreyttan frá því sem áður var. Með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 14. júní 1951, leitar stefnandi úrskurðar stjórnarinnar um hæfilega þóknun til stefnda fyrir málflutninginn. Að undangengnum munnlegum málflutningi 24. maí 1952 ákvað stjórnin með úrskurði, uppkveðnum 13. júní s. á., þóknun stefnda fyrir málflutninginn kr. 2.500.00.

Telur stefnandi, að stefndi hafi ofreiknað sér kr. 11.151.25 fyrir flutning máls þessa, og er það sú fjárhæð, sem stefnandi krefur stefnda um undir lið þessum.

Frá því að stefnandi mótmælti málskostnaðarreikningi stefnda og þar til hann leitaði úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands liðu 4 ár og tæpir 8 mánuðir, án þess að séð verði, að stefnandi hafi haft uppi nokkrar raunhæfar aðgerðir til þess að fá stefnda til að lækka málflutningsþóknun sína eða endurgreiða það, sem stefnandi taldi hann hafa oftekið. Og eftir að úrskurður Lögmannafélagsins var kveðinn upp og þar til stefnandi höfðaði áðurnefnt mál gegn stefnda með stefnu birtri 13. apríl 1955 eða í 2 ár og 10 mánuði, sést ekki að stefnandi hafi gert neinar raunhæfar ráðstafanir til þess að heimta hina ofteknu málflutningsþóknun úr hendi stefnda. Verður að líta svo á, að stefnandi hafi sýnt svo mikið tómlæti í heild, að hann hafi með aðgerðaleyfi firrt sig rétti til að heimta hina meintu ofteknu málfærsluþóknun úr hendi stefnda. Umræddur kröfuliður verður því ekki tekinn til greina.

Um 5.

Hinn 30. marz 1943 var norska skipið Rolf Jarl statt á Eyjafirði nálægt Hrólfsskerri, er stýri þess brotnaði. Sendi skipið út neyðarmerki og bað um hjálp. Skip stefnanda, Súðin, var stödd við Hrisey, heyrði neyðarkallið og fór hinu nauðstadda skipi til aðstoðar. Kl. 7.30 síðdegis þennan dag hafði tekizt að koma á dráttarsambandi milli skipanna, og hélt Súðin af stað með Rolf Jarl í eftirdragi, en kl. 7.48 slitnaði dráttartaugin. Viðbúnaður var þá hafður til þess að koma annarri dráttartaug í skipið, en er skipverjar á Rolf Jarl voru inntir eftir því, hvort þeir vildu frekari hjálp, höfnuðu þeir henni, enda var þá annað skip komið á vettvang og búið að koma dráttartaug í Rolf Jarl. Hvarf Súðin þá frá við svo búið, en Rolf Jarl komst til hafnar með aðstoð annars aðilja.

Eftir að Rolf Jarl var kominn í höfn á Akureyri, lét stefnandi gera löghald í skipinu til tryggingar væntanlegum björgunarlaunum. Var skipinu bönnuð brottför frá Akureyri, fyrr en sett hafði verið full trygging fyrir björgunarkröfunni. Höfðaði stefnandi síðan mál til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 739.868.98, auk vaxta og málskostnaðar. Úrslit máls þessa urðu þau, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, að stefnanda voru dæmdar kr. 4.000.00 í bætur fyrir tjón, er Súðin varð fyrir

vegna björgunartilraunar sinnar, en málskostnaður var felldur niður.

Hinn 5. apríl 1946 sendi stefndi stefnanda reikning fyrir málflutninginn í héraði að fjárhæð kr. 28.196.69, og með bréfi 17. október sama ár mótmælti stefnandi málskostnaðarreikningnum sem hreinni fjarstæðu. Á reikningi, dags. 17. október 1950, frá stefnda til stefnanda eru málflutningslaunin fyrir báðum dómum, að meðtöldum kostnaði, tilfærð með kr. 57.341.23. Með bréfi til stjórnar Lögmannafélags Íslands, dags. 14. júní 1951, leitaði stefnandi úrskurðar stjórnar félagsins um hæfilega þóknun til stefnda fyrir málflutninginn. Að undangengnum munnlegum málflutningi 24. maí 1952 ákvað stjórnin með úrskurði uppkveðnum 13. júní s. á. þóknun stefnda fyrir málflutninginn kr. 12.000.00.

Telur stefnandi, að stefndi hafi ofreiknað sér kr. 45.341.23 fyrir flutning máls þessa, og er það kröfufjárhæðin undir lið þessum.

Frá því að stefnandi mótmælti reikningi stefnda fyrir flutning málsins í héraði og þar til að hann leitaði úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands liðu 4 ár og tæpir 8 mánuðir, án þess að séð verði að stefnandi hafi gert neinar raunhæfar ráðstafanir til þess að fá stefnda til að lækka málflutningsþóknun sína eða endurgreiða það, sem stefnandi taldi hann hafa oftekið. Og eftir að úrskurður stjórnar Lögmannafélagsins var kveðinn upp og þar til stefnandi höfðaði áðurgreint mál gegn stefnda með stefnu birttri 13. apríl 1955 eða í 2 ár og 10 mánuði, verður eigi séð, að stefnandi hafi haft uppi nokkrar raunhæfar aðgerðir til þess að heimta hina ofteknu málflutningsþóknun úr hendi stefnda. Verður því að telja, að stefnandi hafi sýnt svo mikið tómlæti í heild, að hann hafi með aðgerðaleyfi firrt sig rétti til að heimta hina meintu ofteknu málflutningsþóknun frá stefnda. Verður kröfuliður þessi því eigi tekinn til greina.

Um II.

Með þeim úrlausnum á kröfum stefnanda, sem að framan eru raktar, er fallinn grundvöllur undan vaxtakröfu stefnanda af meintu innstæðufé hjá stefnda vegna oftekinna málflutningslauna, og verður hún því ekki tekin til greina.

Um III.

Kröfuna undir þessum lið reisir stefnandi á því, að stefnda hafi sem málflutningsmanni hans borið skylda til þess að inn-

heimta beinan kostnað vegna v/s Ægis vegna aðstoðar þess við v/s Sæfinn og um er rætt í lið 4 hér að framan. Hafi stefnandi talið sjálfsagt, að stefndi innheimti þóknun þessa, enda hafi stefndi haft undir höndum öll skjöl málsins. Þá bendi fjöldi bréfa til þess, að stefnandi hafi falið stefnda innheimtuna. Þeim bréfum hafi stefndi ekki svarað, og telur stefnandi sig því hafa haft ástæðu til að líta svo á, að stefndi hefði tekið innheimtuna að sér. Hins vegar hafi komið í ljós, að stefndi hafi ekkert gert til að innheimta kröfuna, heldur látið hana farnast í höndum sér. Telur stefnandi sig eiga rétt á skaðabótum úr hendi stefnda, sem nemi fjárhæð kröfunnar með vöxtum, en að frádregnum málfærslulaunum til stefnda, kr. 2.500.00, eða samtals kr. 24.323.00.

Stefndi styður sýknukröfu sína af þessum kröfulið þeim rökum, að hann hafi aldrei tekið innheimtu þessa að sér, enda hafi það ekki verið í verkahring hans sem lögmanns stefnanda að innheimta kröfu þessa. Hafi hér í rauninni verið um uppgjör að ræða, sem skrifstofustjóri stefnanda hafi átt að annast. Mótmælir stefndi því að skjöl málsins hafi verið í sinni vörzlu. Þau hafi verið í vörzlum réttarins svo og í leiðarabók Ægis, og hafi stefnandi átt að hafa haft að þeim greiðan aðgang.

Gegn mótmælum stefnda verður eigi talið sannað, að umrædd innheimta hafi fallið undir starf hans sem lögmanns stefnanda. Þá er og ósannað, að stefndi hafi tekið innheimtuna sérstaklega að sér. Verður því umrædd skaðabótakrafa eigi tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndi á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Jóhannesi Nordal banka-
stjóra og Ragnari Jónssyni hrl.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Þorgrímsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Skipaútgerðar ríkisins, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
